

Leiðbeiningar fyrir foreldra um námsmat í Mentor

Námsmat í Sjálandsskóla birtist allt í Mentor. Námsmatið skiptist í tvennt, annars vegar **Námsmarkmið** og hins vegar **Lykilhæfni**. Í námsmarkmiðum koma fram öll hæfniviðmið samkvæmt nýrri Aðalnámsskrá.

Námsframvinda í Mentor

Hér fyrir neðan er útskýring á því hvernig Námsframvindan er uppbyggð. Námsframvindan í Mentor býður upp á að skipta námsferlinum upp í þrep. Þrepin eru þá tvö fyrir hvern árgang og því höfum við samtals 20 þrep (10 árgangar). Sjálandsskóli notar þetta kerfi eingöngu fyrir nemendur í 1.-7.bekk. Nemandi sem er í 1. bekk er á þrepi 1 að hausti og þrepi 2 að vori. Þegar Námsframvindan er opnuð og smellt á **Námsmarkmið** skilar kerfið nemandanum sjálfvirk á aldurssvarandi þrep þ.e. ef nemandinn er t.d. í 5. bekk og það er vor þá kemur þrep 10 sjálfvirk upp því það er vorönn og þá er eftir að velja námsgreinina. Það er einnig hægt að fletta upp á hvaða þrepi sem er.

Þrep 1 (haust) og 2 (vor)	Nemendur í 1. bekk
Þrep 3 (haust) og 4 (vor)	Nemendur í 2. bekk
Þrep 5 (haust) og 6 (vor)	Nemendur í 3. bekk
Þrep 7 (haust) og 8 (vor)	Nemendur í 4. bekk
Þrep 9 (haust) og 10 (vor)	Nemendur í 5. bekk
Þrep 11 (haust) og 12 (vor)	Nemendur í 6. bekk
Þrep 13 (haust) og 14 (vor)	Nemendur í 7. Bekk

Sjálandsskóli hefur valið að nota fjórskiptan kvarða og hér fyrir neðan má sjá matstáknin með skýringum:

A	Framúrskarandi hæfni
B	Góð hæfni
C	Sæmileg hæfni
D	Ófullnægjandi hæfni
X	Ekki metið núna

Hvernig skoða ég Námsmarkmiðin og Lykilhæfnina í Námsframvindunni?

1. Foreldri/nemandi skráir sig inn á Mentor <http://www.mentor.is>
2. Smellt er á + fyrir framan **Námsframvinda** og opnast þá listi yfir þætti Námsframvindunnar
3. Smellt á **Námsmarkmið** eða **Lykilhæfni**
4. Velja nafn á barni. Undir **Fag** velja námsgrein sem á að skoða.
5. Undir Bekkur/Námsstig velja viðeigandi þrep. Þá ætti umsögnina að birtast.

Að vista og/eða prenta út matsblöðin

1. Velja **Námsframvinda og Námsmarkmið** eða **Lykilhæfni**
2. Veljið **útprentanir** hægra megin á skjánum
3. Þá er t.d. hægt að velja **öll fög og öll þrep** (eða það þrep sem nemandi er á núna) og **Heildaryfirlit B**. Þá koma upp öll matsblöðin fyrir þær greinar sem búið er að gefa fyrir og birta í Námsframvindunni. Einnig hægt að velja **Vitnisburður** og þá birtist lykilhæfnin á einni blaðsíðu.
4. Smellið á **Sýna skýrslu** og þá birtist pdf-skrá sem hægt er að skoða, prenta og/eða vista á tölvunni.